

undan þegin að ákveða, hvað prenta eigi, nema guðsorðabækur, 1855.
 þá varð stjórnin að álíta, að yfirvöldin eigi, meðan að prent- 9. júní.
 smíðjunni er stjórnað eins og alþjóðlegri stofnan, að sjá um og
 gæta þess, að ekki sje annað prentað, en það sem álíta má gott
 og gagnlegt; það var líka hin helzta ástæða og á mestum rök-
 um byggð, er höfð var móti stjórn prentsmíðjunnar, meðan hún
 var leigð einstökum mönnum, að svo margar ónýtar bækur voru
 prentaðar, af því að þær borguðu sig, og verða stiptsyfirvöldin
 því, en ekki forstöðumaður prentsmíðjunnar, að hafa umsjón á
 þessu, því það er ekki ætlandi, að hann hafi þá vísindalegu
 menntun er til þessa útheimtist; en í annan stað gæti það að
 vísu verið hentugt, að forstöðumaðurinn stingi upp á við stipts-
 yfirvöldin, hvað prenta skuli.

Um leið og jeg ekki hef viljað láta hjá líða, að skýra herra
 stiptamtmaninum og yður háæruverðugi herra frá áður töldu,
 vildi jeg samkvæmt því, er gjörð er grein fyrir hjer að framan,
 biðja að yður þóknist að bera umhyggju fyrir því, að nokkurn
 veginn fullkomið ágrip af reikningum prentsmíðjunnar fyrir næst-
 liðið reikningsár verði auglýst á prenti, þegar búið er að end-
 urskoða og leggja úrskurð á þá, og að því fylgi yfirlit, er sýni
 hvernig hatur prentsmíðjunnar er við enda reikningsársins, og
 skal þetta einnig síðar gjört fyrir hin komandi ár, þar að auki
 umbiðjist þjer að gjöra forstöðumanni þeim, er þjer hafið sett,
 að skyldu, í hvert skipti þegar um prentun einhverrar bókar er
 að ræða; að bera undir yður uppástungu með ástæðum fyrir
 henni, áður en þjer skerir úr málinu.

31. Brjef dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa, 9. júní. Melsteðs amtmanns, um lögleiðing almennra laga á Íslandi.

Um leið og jeg samkvæmt allrahæztum úrskurði 10. nóvember
 1843 sendi hjer með herra amtmanninum, sem konungsfulltrúa
 á alþingi, öll almenn lagaboð sem komin eru út handa Danmörku,
 árin 1853 og 1854, til þess að alþingið geti sagt álit sitt um,

1855. að hve miklu leyti lögleiða þyrfti á Íslandi nokkur af lögum
 9. júní. þessum, vil jeg ekki láta hjá líða að geta þess, að eins og samningar þeir og sáttmálar, sem á þessu tímabili eru gjörðir við útlend ríki, eru gildandi á Íslandi án þess að það þurfi að lögleiða þá sjerstaklega, eins má líka álíta að á standi með ýms lagaboð, sem gefin eru á nefndu tímabili, sökum þess að efni þeirra er svo almennt, einkum ríkiserfðalögin 31. júlí 1853, lögin 7. janúar 1853 og 8. desember s. á. um hinar óvissu ríkisskuldur, auglýsing 21. s. á. um engelska sjómenn er burt hafa hlaupizt, og hin ýmislegu lagaboð um peninga, sem komu út árið 1854, og hafa því lög þessi, og eins tilskipun 26. júlí 1854, verið send til Íslands til auglýsingar. Af hinum almennu lögum á þessum tveggja ára tíma, er ekki gilda á Íslandi nema þau sjeu leidd þar í lög, virðist stjórninni ekki að það geti orðið umtalsmál að lögleiða önnur lagaboð, en ef til vill lögin 3. marz 1854 um breytingu á hegningu þeirri, sem ákveðin er í tilskipun 5. september 1794 fyrir skottulækningar, ef að sú tilskipun er álitin lögleidd á Íslandi, og vildi jeg því biðja herra amtmanninn um, að vekja sjerstaklega athygli alþingis á þessu lagaboði, og bæti jeg því við, að það er sjálfsagt að þinginu er heimilt að taka það til skoðunar, hvort henta þykir að lögleiða nokkur af hinum öðrum almennu lögum á Íslandi breytt eða óbreytt.

Þareð Hans Hátign konungurinn hefur í mildilegri auglýsing sinni 7. þ. m. látið í ljósi þann vilja sinn, að lögin 5. apríl 1850, um, að útlendir Gyðingar megí hafa landsvist, verði á ný lögð fyrir alþingið, til þess að betur verði íhugað, hvort lögleiða skuli lagaboð þetta á Íslandi, sendi jeg hjer með nokkur exemplör af nefndum lögum, og læt jeg ekki hjá líða að geta þess, að það væri því æskilegra, að lög þessi yrðu lögleidd á Íslandi, þar eð sjá má af umræðum alþingis á málinu, að menn hafa ekki orðið ásáttir um, hvort að Gyðingar, eptir lögum þeim er hingað til hafa gilt, geti sezt að á Íslandi. En eins og það þó virðist, að þeim sje heimil landsvist, eptir tilskipun 13. júní 1787 II. 4. og 10. gr., eins virðist stjórnarráðinu það rjettast, að grundvallarregla sú, er stendur í grundvallarlögunum, „að enginn má missa neins af borgaralegum

rjettindum fyrir sakir ólíkra trúarbragða" sje einnig við höfð á Íslandi, því hún getur líka, ef til vill, orðið þar þýðingarmeiri, þegar að útlendum þjóðum er nú leyfð verzlun á Íslandi. Það er auk þessa alkunnugt, að margir Gyðingar eru mjög nýtir og atorkusamir kaupmenn, og það hefur sýnt sig, að þess konar hleypidómar, er menn sumstaðar, t. a. m. í Noregi, hafa um langan aldur haft móti þeim, hafa að síðustu hvorfið, og hin rjetta skoðun hefur rutt sjer til rúms, að Gyðingar sjeu nyt-samir, yðjusamir og friðsamir borgarar.

1855.

9. júní.

Hvað Ísland snertir, þá er hleypidómur sá, er menn virðast hafa þar enn móti þeim, því undarlegri, þar eð dæmi eru til þess, að Gyðinga kaupmenn hjer hafa haft verzlun á Íslandi, og haft þar verzlunarfulltrúa sína, en þegar að þeim hefur nú ekki orðið neitað um þetta, virðist ekki ástæða til að neita þeim um að hafa aðsetur á Íslandi, þar eð það er þó almennt álitinn meiri hagnaður fyrir landið, að kaupmennirnir hafi þar fast aðsetur en að þeir láti verzlunarfulltrúa stjórna verzlun sinni.

Að öðru leyti væri það að líkindum hentast, að þessum lögum, sem einkum voru gjörð til að burtrýma ýmsum vandkvæðum, sem eptir hinni eldri dönsku löggjöf, einkum tilskipun 29. marz 1814, 19. og 20. gr., voru á því, að útlendir Gyðingar gætu tekið sjer aðsetur hjer í landi, yrði breytt þannig, þegar þau verða lögleidd á Íslandi, að þau eigi við, eins og þar hagar til, og einkum þyrftu þau að ná ekki einungis til útlendra Gyðinga heldur einnig innlendra eða danskra Gyðinga, eins og líka nefnd sú, er sett var á alþingi 1853 til að ræða málið um lögleiðing þessa lagaboðs, benti á.

32. Brjef innanríkisstjórnarinnar til fjárstjórnarráðsins um djáknapeninga¹. 13. júní.

Í tilskipun handa Íslandi, 21. marz 1575, var það boðið, að halda skyldi djákna á hverju hinna fjöggra klaustra í Hóla byskupsdæmi á Norðurlandi, það er að skilja, Þingeyrum, Möðru-

¹) sbr. brjef 29. ágúst 1855 hjer á eptir.